Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Kópavogsbær
Digranesvegi 1
200 Kópavogur

Kópavogi, 21. ágúst 2026
2608128/205.00 SK

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Erindi: Svar við fyrirspurn Margrétar Tryggvadóttur um vegglistaverkið *Sólarslóð* eftir Theresu Himmer á Hálsatorgi

Vegna fyrirspurnar um vegglistaverkið *Sólarslóð* eftir Theresu Himmer á Hálsatorgi er rétt að skýra stöðu verksins. *Sólarslóð* var tímabundið vegglistaverk samkvæmt samningi við listamanninn til allt að þriggja ára. Verkið var því ekki hluti af varanlegri listaverkaeign Kópavogsbæjar og laut ekki sömu skyldum um forvörslu, viðhald og varðveislu og verk í eigu bæjarins undir umsjón Gerðarsafns. Þótt verkið hafi staðið lengur en samningur gerði ráð fyrir breytti það ekki stöðu þess í varanlegt verk í safneign bæjarins.

Hver átti frumkvæði að því að málað var yfir verkið?

Frumkvæðið tengdist upplýsingagjöf Kópavogsbæjar vegna framkvæmda í Fannborg og á Traðarreit. Veggurinn þótti henta vel til að miðla upplýsingum um framkvæmdirnar og framtíð svæðisins, enda standa framkvæmdir yfir þar að baki. Merkingarnar eru hluti af verkefninu *Miðbær í mótun* og vísa meðal annars með QR-kóða á upplýsingasíðu verkefnisins.

Hver veitti leyfi fyrir því að málað var yfir verkið?

Áður en ráðist var í framkvæmdina var kannað hvort enn væru í gildi samningsbundnar skuldbindingar vegna *Sólarslóðar*. Svo reyndist ekki vera og var veggurinn í kjölfarið nýttur til upplýsingagjafar vegna framkvæmdanna.

Hvers vegna var menningar- og mannlífsnefnd ekki upplýst um fyrirhugað skemmdarverk?

Ekki er fallist á að um „skemmdarverk“ hafi verið að ræða. Veggurinn er eign Kópavogsbæjar og *Sólarslóð* var tímabundið verk samkvæmt útrunnum samningi. Þar sem ekki var um að ræða ákvörðun um að fjarlægja eða farga varanlegu listaverki úr listasafneign bæjarins var málið ekki meðhöndlað sem slíkt gagnvart nefndinni.

Var haft samráð við Gerðarsafn sem hefur umsjón með útilistaverkum í bænum áður en hafist var handa?

Gerðarsafn var upplýst um breytingarnar á veggnum. Jafnframt er rétt að árétta að *Sólarslóð* var tímabundið vegglistaverk en ekki eitt af listaverkum í eigu bæjarins, sem lúta varðveislu- og viðhaldsskyldu Gerðarsafns.

Var haft samband við skapara Sólarslóðar, Theresu Himmer, vegna þessa?

Theresa Himmer var upplýst um breytingarnar á veggnum með tölvupósti.

Stendur til að endurgera verkið eða koma öðru listaverki fyrir á veggnum í nánustu framtíð? Ef svo er, hvernig er fyrirhugað að velja verkið?

Ekki liggur fyrir ákvörðun um að endurgera *Sólarslóð*. Veggurinn er nú nýttur til upplýsingagjafar vegna framkvæmdanna í Fannborg og á Traðarreit. Merkingarnar eru hluti af heildarútliti verkefnisins *Miðbær í mótun* og voru unnar að ráðleggingu Aton ráðgjafastofu. Verði síðar ákveðið að koma þar fyrir nýju listaverki verður það metið í samræmi við gildandi stefnu og faglega verkferla. Einnig skal tekið fram að veggurinn er á ábyrgð eignadeildar umhverfissviðs, líkt og önnur mannvirki bæjarins.

Stendur til að skemma eða eyða fleiri útilistaverkum í bænum?

Ekki stendur til að skemma eða eyða listaverkum í listasafneign Kópavogsbæjar. Bærinn ber ábyrgð á varðveislu og umhirðu þeirra samkvæmt faglegum viðmiðum. Tímabundin verk eru hins vegar annars eðlis og geta að samningstíma liðnum vikið fyrir annarri nýtingu eða nýjum verkefnum.

Að lokum skal tekið fram að áform um nýjar merkingar á veggnum lágu fyrir frá því fyrir páska. Framkvæmdinni var frestað þar til uppfærð upplýsingasíða var tilbúin og veður leyfði málningarvinnu. Tímasetningin réðst því af þeim þáttum en tilgangur merkinganna er að upplýsa íbúa um yfirstandandi framkvæmdir og fyrirhugaða uppbyggingu svæðisins.

Virðingarfyllst,

Soffía Karlsdóttir
Forstöðumaður menningamála

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026